



Sauðárkróki, 13. febrúar 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, mál 67.

Samkvæmt tillögum yrði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra falið að kanna hvort nægjanlegur búnaður og aðstaða sé á flugvöllinum til að sinna millilandaflugi með minni farþegaflugvélum og vélum í ferjuflugi. Bygðastofnun telur að það sé eðlilegt verkefni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis að skoða hvaða búnaður þarf að vera til staðar til að flugvöllur eins og Hornafjarðarflugvöllur geti sinnt því hlutverki sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Það er æskilegt markmið að flughliðum til landsins verði fjölgað og að þau verði ekki öll í sama landshluta. Því hlýtur samanburður á stöðum sem til greina koma að vera gagnlegur til að meta þessar aðstæður.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

---

Guðmundur Guðmundsson  
*Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar*